# VETRARHÁTÍÐ

6.-9. FEBRÚAR 2020

# Vetrarhátíð 2020

- Vetrahátíð verður haldin í 19. sinn fimmtudaginn 6. febrúar til sunnudagsins 9. febrúar
- Markmið hátíðarinnar er að lífga upp á borgarlífið á dimmustu vetrarmánuðunum.
- Sameinar öll sex sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og nær til um 40.000 gesta.



# Vetrarhátíð 2020

Vetrarhátíð samanstendur af þremur meginþáttum:

- *Safnanótt*
- *Sundlauganótt*
- *Ljóslistaverkum*



# Setning Vetrarhátíðar 6. febrúar

- Kl. 19.45 – þið eruð öll boðin.
- Sálumessa jöklanna eftir Heimi Hlöðversson.
- Kl. 20.00 Kveikt á ljóslistaverkum í miðborginni



# Ljósaganga

Kveikt verður á verkunum alla daga hátíðarinnar frá kl. 19.00 – 23.00 (nema fimmtudag frá kl. 18.00).

Alls níu verk:

- fimm á merktri gönguleið
- fjögur utan leiðarinnar



## FIMMTUDAGUR
## 6. FEBRÚAR

**19:45 Setning Vetrarhátíðar 2020**
Ljósainnsetningin Sálumessa jöklanna eftir Heimi Hlöðversson varpað á Hallgrímskirkju. Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, setur hátíðina.

**20:00 KYRIE ELEISON í Ásmundarsal**

**20:15 Tónleikar í Hallgrímskirkju**
Aðgangur ókeypis.

**19.00 Ljósaganga Vetrarhátíðar**
Ljósaverk víðsvegar í miðbænum sem mynda skemmtilega gönguleið og stendur yfir alla daga Vetrarhátíðar frá kl. 19–23.





## FÖSTUDAGUR
## 7. FEBRÚAR

**18–23 Safnanótt**
50 söfn og sýningar á höfuðborgarsvæðinu bjóða upp á skemmtilega dagskrá. Frítt er í sérstakan Safnanæturstrætó sem ekur á milli safna.

**19:00 Vígsla vitans**
Borgarstjóri vígir vitann við Sæbraut og karlakórar syngja. Í framhaldinu verður opið hús í Höfða.

**20:00 Tákn**
Listaverkið Tákn eftir Steinunnar Þórarinsdóttur lýst upp á þakbrún Arnarhvols og nýtt kórverk með 11 röddum frumflutt.

## LAUGARDAGUR
## 8.FEBRÚAR

**16:00 Dansbræðingur**
Opið hús í Kramhúsinu milli 16-20. Gestum gefst tækifæri á að taka þátt í rassahrisstipartý þar sem leitað er að sínum innri ofni.

**19:00 Ljósaganga Vetrarhátíðar**
Ljósaverk víðsvegar í miðbænum sem mynda skemmtilega gönguleið og stendur yfir alla daga Vetrarhátíðar frá kl. 19.00–23.00.





## SUNNUDAGUR
## 9.FEBRÚAR

**17-22 Sundlauganótt**
Skemmtidagskrá í ellefu sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.

**19:00 Ljósaganga Vetrarhátíðar**
Ljósaverk víðsvegar í miðbænum sem mynda skemmtilega gönguleið og stendur yfir alla daga Vetrarhátíðar frá kl. 19–23.

## SAFNANÓTT

Verður haldin föstudagskvöldið 7. febrúar en þá opna fjölmörg söfn dyr sínar og bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta dagskrá frá klukkan 18:00-23.00. Söfnin munu leggja áherslu á að bjóða upp á óhefðbundna viðburði þetta kvöld og veita þannig fastagestum nýja sýn á söfnin og laða að sér nýja. Íbúar og gestir borgarinnar á öllum aldri geta notið hennar fram eftir kvöldi sér að kostnaðarlausu.

## SAFNANÆTURSTRÆTÓ

Frítt er í sérstakan Safnanæturstrætó á milli allra safnanna á Safnanótt. Strætó mun aka sérferðir frá Kjarvalsstöðum á 20 mín. fresti frá kl. 18– 23.

Þrjár leiðir eru eknar:
**Leið A:** Kjarvalsstaðir - Skólavörðuholt - Seltjarnarnes - Grandi - Hlemmur
**Leið B:** Kjarvalsstaðir - Perlan - Hamraborg - Garðabær - Álftanes - Hafnarfjörður
**Leið C:** Kjarvalsstaðir - Laugardalur - Árbæjarsafn - Mosfellsbær

**Nánar á vetrarhatid.is**



## SUNDLAUGANÓTT

Verður haldin sunnudaginn 9. febrúar.
Öll sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu taka þátt og verða alls ellefu sundlaugar opnar frá kl. 17–22 og er aðgangur ókeypis. Uppákomur verða af margvíslegum toga og munu gestir fá að upplifa einstaka og óvenjulega kvöldstund í mögnuðu myrkri.

**Nánar á vetrarhatid.is**

## VETRARHÁTÍÐ

Var haldin í fyrsta sinn árið 2002.
Markmið hátíðarinnar er að lýsa upp mesta skammdegið. Dagskráin samanstendur af viðburðum tengdum menningu og listum.
Öll sex sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í hátíðinni og lýsa í sameiningu upp skammdegið.

VE HATID.IS
#vetr

HLJÓÐX

VETRA ÁTÍÐ
6. AR 2020

# Safnanótt – 7. febrúar kl. 18.00 – 23.00

- Þátttökusöfnin eru 50 í sex sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.
- Á Safnanótt ferðast yfir 40.000 manns á milli safna á öllu höfuðborgarsvæðinu og fá að upplifa söfn á óhefðbundinn hátt.
- Áherslur Safnanætur eru fjölskyldufólk og ungt fólk á aldrinum 16-25 ára, sem er sá hópur sem sjaldnast sækir söfn.
- Strætó bs býður upp á Safnanæturstrætó - fríar ferðir á milli safna.

Til viðbótar;

- Kl. 19.00 Vitinn við Sæbraut verður formlega vígður og Höfði opinn almenningi í kjölfarið, kl 19.30 – 21.00.
- Kveikt á sérstakri lýsingu á verkinu Tákni eftir Steinunni Þórarinsdóttur á Arnarhvoli og sér samið kórverk  frumflutt af því tilefni.



# Safnanæturleikurinn

- Á rafrænu formi (www.safnanott.safnadu.is)
- Flottir vinningar m.a. leikhúsmiðar, leiðsagnir fyrir hópa, miðar á Airwaves ofl.



# Laugardagur 8. febrúar

- Norðurljósahlaup
- Dansbræðingur í Kramhúsinu
- **VETRARBLÓT**
- Næturklúbbur í Hörpu kl. 21.00 – 01.00.
  Plötusnúðar og vídeolistamenn sem leika sér með hjúpinn í takt við tónlist.
- Tónleikar um víð og dreif.
- Markmið að bæta þennan dag á næsta ári.



# Sundlauganótt

- ***Sundlauganótt*** verður haldin sunnudaginn 9. febrúar. Ath. breyting!
- Opnunartími lauganna er kl. 17.00 – 22.00
- Öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu taka þátt.
- Frítt er í sund og ýmsir listviðburðir sem sum tengjast íbúum viðkomandi hverfis eða sveitarfélags.
- Í ár munu Veitur taka að sér Laugardalslaugina og bjóða upp á skemmtilega dagskrá fyrir gesti.



# Ýmsar byggingar lýstar upp með litum Vetrarhátíðar









# Vetrarhátíð 2020

- Miðlægur kostnaður Vetrarhátíðar er kr. 7.700.000
  - kostnaður vegna ljósaverka
  - kynningarkostnaður
- Öll söfn og sundlaugar sem taka þátt kosta sjálf sína viðburði.
- HljóðX er helsti samstarfsaðili hátíðarinnar og veita tæki og þjónustu að virði 2,5 milljónir.

# Vetrarhátíð 2020

Takk fyrir og sjáumst á Vetrarhátíð!